

**3413. fundur bæjarráðs, haldinn í Frístundamiðstöðinni Garðavelli,
22. apríl 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2004085 - Málefni KFÍA

Staða Knattspyrnufélags ÍA.

Málið var einnig tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 16.04.2020. Magnús Guðmundsson formaður KFÍA og Geir Þorsteinsson framkvæmdastjóri KFÍA taka sæti undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar framkvæmdastjóra og formanni KFÍA fyrir komuna á fundinn.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við ákvarðanir Akraneskaupstaðar um viðspyrnuaðgerðir vegna COVID-19. Hins vegar er ljóst að rekstrarvandi KFÍA er einnig alls ótengdur COVID-19 en í gangi er greiningarvinna á fjárveitingum Akraneskaupstaðar til aðildarfélaganna Íþróttabandalagsins sem unnin er í nánú samstarfi við fulltrúa ÍA og mun henni ljúka í maímánuði. Bæjarráð tekur málið fyrir að nýju þegar sú greining liggur fyrir.

2. 2003133 - Aðgerðir Akraneskaupstaðar vegna Covid-19

Umræða um aðgerðir Akraneskaupstaðar í tengslum við viðspyrnu vegna Covid-19.

1. Staða aðildarfélaganna Íþróttabandalags Akraness.

RÓ vísar af fundi undir þessum lið. ÓA tekur sæti á fundinum í hennar stað.

Bæjarráð þakkar framkvæmdastjóra og aðildarfélagum ÍA framlagða samantekt og greinargerð um möguleg áhrif samkomubanns á starfsemi félaganna.

Bæjarráð samþykkir þá ósk félaganna að íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar á Vesturgötu verði opin lengur fram á sumarið en venja er svo unnt sé að forða tekjutapi félaganna í formi endurgreiðslu æfingagjalda. Kostnaði vegna þessa, samtals að fjárhæð kr. 1.370.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995 og inn á liðinn 06520-1697.

2. Rekstur frístundamiðstöðvarinnar Garðavelli.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við ákvarðanir Akraneskaupstaðar um viðspyrnuaðgerðir vegna COVID-19

en um er að ræða húsnæði í eigu Akraneskaupstaðar.

ÓA vísar af fundi og RÓ tekur sæti á fundinum á nýjan leik.

3. Innheimta gjalda á skóla- og frístundasviði vegna skóla- og frístundastarfs hjá Akraneskaupstað.

Stjórnvöld hafa tilkynnt að skólastarf verði með hefðbundnum hætti frá 4. maí næstkomandi. Bæjarráð samþykkir að gjaldtaka vegna þjónustunnar verði í samræmi við almennar reglur að nýju frá sama tímabili.

4. Ljósabekkir Sundfélags Akraness í íþróttamannvirkjum Akraneskaupstaðar á Jaðarsbökkum.

Bæjarráð felur sviðsstjórum stjórnarsýslu- og fjármálasviðs og skóla- og frístundasviðs að semja við Sundfélag Akraness um slit á því fyrirkomulagi sem tíðkast hefur um marga ára bil um rekstur ljósabekkjja á Jaðarsbökkum en þörf er á annars konar nýtingu á viðkomandi rýmum.

3. 1905365 - Atvinnumál - verkefni

Tillaga bæjarstjóra um framkvæmd rannsóknar um fjölda íbúa sem sækir vinnur út fyrir bæjarmörk og tækifæri því tengdu.

Bæjarráð samþykkir að ráðist verði í könnun meðal íbúa á Akranesi um þann fjölda sem sækir vinnu og nám utan umdæmismarka Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir að veita fjármagni, samtals að fjárhæð kr. 531.000 (án vsk), til verkefnisins. Fjármagninu verður ráðstafað af liðnum 20830-4995 og inn á lið 21400-4390.

4. 1909147 - Þjónustukönnun sveitarfélaga 2019 - Gallup

Samanburðargreining á niðurstöðum þjónustukönnunnar Gallup á árunum 2016-2019.

Bæjarráð þakkar bæjarstjóra fyrir yfirferðina.

Lagt fram.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.